



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 10. júní 2016

Ákvörðun nr. 16/2016

Samruni Hampiðjunnar hf. og P/F Vonar

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi sem barst Samkeppniseftirlitinu þann 5. apríl 2016 var tilkynnt um kaup Hampiðjunnar hf. (hér eftir Hampiðjan) á meirihluta hlutafjár í P/F Von (hér eftir Von). Meðfylgjandi erindinu var samrunaskrá í samræmi við 1. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. viðauka I við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum, þ.e. svokölluð lengri samrunatilkynning. Eftirlitið mat þá skrá fullnægjandi og vera í samræmi við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 684/2008. Var samrunaaðilum tilkynnt um það með bréfi dags. 18. apríl sl. Frestur Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 1. mgr. 17. gr. d. samkeppnislaga byrjaði því að líða frá og með 6. apríl sl.

Aðilum sem Samkeppniseftirlitið taldi að kynnu að hafa hagsmuna að gæta af samruna þessum var gefið færi á því að koma fram með sjónarmið um áhrif samrunans á samkeppni símleiðis og með tölvubréfum, dags. 15. apríl 2016.¹ Hluti þessara aðila kom sjónarmiðum sínum á framfæri og gáfu þau tilefni til þess að rannsaka áhrif samrunans betur. Fengu hlutaðeigandi aðilar ásamt samrunaaðilum færi á því að koma fram með frekari sjónarmið. Mikill meirihluti þessa aðila sá þó ekki tilefni til þess að koma á framfæri frekari sjónarmiðum eða töldu samrunann ekki hafa áhrif á samkeppni á markaðnum. Eftir því sem eftirlitið telur tilefni til verður þeirra sjónarmiða getið í ákvörðun þessari.

Með bréfi, dags. 11. maí sl., var samrunaaðilum tilkynnt um að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d. samkeppnislaga nr. 44/2005.

II.

Samruninn

Í samrunaskrá segir að Hampiðjan sé stofnuð í Reykjavík árið 1934. Hún framleiði margvíslegan búnað til fiskveiða og annarrar starfsemi á sjó auk tengdrar starfsemi. Þar

¹ Öll helstu útgerðarfyrtæki og veiðarfæraframleiðendur fengu færi á því að leggja fram sjónarmið.



á meðal sé framleiðsla á trollum, nótum og efnum, netum og köðlum, til veiðarfæragerðar. Meginstarfsemi félagsins felist í sölu á búnaði til fiskveiða.

Í skránni kemur fram að viðskiptin séu jafnframt tilkynningarskyld til samkeppnisyfirvalda í Færeyjum og í Litháen. Hefur færeyska eftirlitið þegar birt niðurstöðu sína í málinu sem er á þann veg að ekki þótti ástæða til að aðhafast vegna samrunans.²

Í samrunaskrá segir að í samstæðu Hampiðjunnar séu 14 félög sem staðsett séu á fjórum meginlöndum þar sem á sjötta hundrað starfsmanna starfi. Innan samstæðu Hampiðjunnar séu félög í Danmörku, Nýja-Sjálandi, Rússlandi, Kanada, Bandaríkjunum, Írlandi, Ástralíu og Litháen. Ennfremur segir að meirihluti starfsmanna félagsins starfi í dótturfélagi þess í Litháen þar sem stór hluti af framleiðslu félagsins fari fram. Innan samstæðu Hampiðjunnar er m.a. 51% hlutur í Fjarðaneti og 45% í Sílnet Sp/f sem starfrækt er í Færeyjum.

Hampiðjan er skráð félag í eigu ýmissa aðila. Stærsti eigandinn er Vogun hf. með 38,64% hlut og næst stærsti eigandinn er Fiskveiðifélagið Venus hf. með 14,99% hlut. Aðrir eigendur eiga undir 10% hlut. Í stjórn Hampiðjunnar sitja fimm stjórnarmenn. Einn þeirra er einnig í stjórn HB Granda hf. og annar er forstjóri HB Granda.³

Um P/F Von segir að innan samstæðu þess séu þrjú meginfélög þ.e. P/F Vónin í Færeyjum, Vonin Refa A/S í Noregi og UAB Vonin í Litháen. Auk þessa sé hið nýstofnaða félag Vónin Ísland. Í samrunaskrá kemur fram að starfsemi þess félags hafi verið takmörkuð framan af og fyrsti starfsmaður þess félags hafi verið ráðinn á síðasta ári. Fram að því hafi Von selt framleiðslu sína í gegnum önnur félög innan samstæðunnar. Í dag er einn starfsmaður starfandi fyrir Vónin Ísland. Með þeim viðskiptum sem hér eiga sér stað munu Hampiðjan og P/F Von ásamt dótturfélögum koma til með að tilheyra sömu efnahagslegu einingunni í skilningi samkeppnislaga.

Í samrunaskrá segir nánar að Von hafi um árabíl stundað framleiðslu og þróun á veiðarfærum og fiskeldisbúnaði fyrir færeyska markaðinn og starfrækir félagið fjórar starfsstöðvar í Færeyjum; í Þórshöfn, í Norðskála, í Fuglafirði og í Klaksvík. Þá á Von þrjú dótturfyrirtæki sem starfa við veiðarfæragerð á Grænlandi, Nýfundnalandi og í Danmörku. Von á grænlenka fyrirtækið Qalut Vónin sem rekur fjögur netaverkstæði á Grænlandi. Þá á Vónin Kanadíska fyrirtækið, Vónin Canada, sem starfrækir netaverkstæði í Port-de-Grave á Nýfundnalandi. Í Danmörku er Vónin Strandby sem rekur tvö netaverkstæði, annað í Skagen og hitt í Strandby.

Fyrirhugað er að Von verði dótturfélag Hampiðjunnar. Í samrunaskrá kemur fram að með samruna félaganna megi ná fram auknu hagræði í rekstri þeirra. Fyrir utan að styrkja þjónustunet Hampiðjunnar á erlendum mörkuðum bætist við úrval og ekki síst mikil þekking og reynsla í gerð fiskeldiskvíá sem henta erfiðum aðstæðum á norðurslóðum.

² Sjá heimasíðu færeyska samkeppniseftirlitsins:

<http://d1d6zxt0xmx99c.cloudfront.net/media/1725/avger%C3%B0-hampi%C3%B0jan-yvirtekur-von.pdf>

³ Sömu hluthafar eru að verulegu leyti í Hampiðjunni og HB Granda, bæði félögin eru skráð og hluthafalistar því opinberir.



Nokkrir aðilar eru starfandi á markaði fyrir framleiðslu veiðarfæra hér á landi. Í samrunaskrá kemur fram að stærstu aðilar á viðkomandi markaði séu Ísfell hf., Voot, Egersund og Tornet ásamt samrunaaðilum. Auk þessara aðila eru tilgreindir margir minni aðilar og erlendir sem selja vörur sínar hér á landi.

III.

Niðurstaða

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar, þ.m.t. þegar tiltekið fyrirtæki nær yferráðum að hluta yfir öðru fyrirtæki með því að kaupa eignir þess, sbr. c-lið 1. mgr. ákvæðisins. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum Hampiðjunnar á meirihluta hlutafjár í Von felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

1. Markaðurinn

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markaði frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

Sjónarmið samrunaaðila

Í samrunaskrá er vísað til markaðsskilgreininga Samkeppniseftirlitsins í ákvörðun nr. 2/2013 *Samruni Ísfells ehf. og Dímon Línu ehf.* þar sem heimilaður var samruni Ísfells og Dímon Línu. Í málinu var litið bæði til heildarmarkaðar fyrir sölu á veiðarfærum til íslenskra útgerða og einnig til undirmarkaðar fyrir sölu á veiðarfærum til línubáta. Að mati samrunaaðila sé ekki ástæða til þess að skipta markaðnum frekar niður en gert hafi verið í framangreindu máli. Að meginstefnu til sé lítil skörun í starfsemi félaganna tveggja þar sem sala Vonar hafi aðallega verið á sviði aðfanga til fiskeldisstöðva á borð við flotkvíar en Hampiðjan hafi einbeitt sér að sölu veiðarfæra á borð við troll og nætur. Telja samrunaaðilar því að skilgreina skuli markaði málsins sem annars vegar markað fyrir veiðarfæri og hins vegar markað fyrir búnað til fiskeldis og að markaðurinn sé alþjóðlegur.

Sjónarmið annarra aðila varðandi markaðsskilgreiningu

Við meðferð þessa máls komu fram önnur sjónarmið frá aðilum á markaðnum um þá markaðsskilgreiningu sem samrunaaðilar telja að leggja eigi til grundvallar í máli þessu. Töldu þeir fyrrnefndu að eftirspurnarstaðganga sé ekki á milli mismunandi tegunda veiðarfæra og á þeim grundvelli er því haldið fram að *skilgreina eigi markaðinn eftir því hvaða veiðarfæri eiga í hlut hverju sinni*. Við Íslandsstrendur séu stundaður margvíslegar veiðar sem krefjast margskonar búnaðar til veiðanna. Búnaðurinn sé oft sérhæfður þannig að veiðarfærin hafi sérstaka eiginleika fyrir sérhverja fisktegund sem veidd er og ávallt þurfi að aðlaga veiðarfærabúnað að sérhverju skipi upp að einhverju marki. Á þeim rökum m.a. er því haldið fram að um marga samkeppnismarkaði sé að ræða. Það sjónarmið hefur jafnframt komið fram að sérhæfðan búnað þurfi til framleiðslu veiðarfæra og *framboðsstaðganga* sé ekki fyrir hendi nema að afar takmörkuðu leyti. Þá hefur skýrt komið fram að almennt þjónusti veiðarfæraframleiðendur búnað frá hvaða



framleiðanda sem er.⁴ Gögn málsins sýna glöggð að þónokkur hluti veltu félaga á markaðnum stafi frá þjónustu og viðhaldi veiðarfæra. Einnig hefur í athugasemdum verið dregið í efa að markaðurinn sé jafn alþjóðlegur og samrunaaðilar haldi fram. Voru þær athugasemdir studdar þeim rökum að íslensk útgerðarfyrirtæki kaupi veiðarfæri í aðalatriðum af íslenskum veiðarfæraframleiðendum. Í öllu falli telja aðilar að skilgreina eigi hinn landfræðilega markað við Ísland og Færeyjar og í mesta lagi strandríki við N-Atlantshaf.

Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins varðandi markaðsskilgreiningu

Vöru- og þjónustumarkaður

Samkeppniseftirlitið telur að þau sjónarmið sem komið hafa fram um að eftirspurnarstaðganga sé takmörkuð í máli þessu eigi almennt við gild rök að styðjast.⁵ Með vísan til þess standa rök með því að markaðurinn skuli flokkaður í fleiri undirmarkaði eftir því hvers konar veiðarfæri eiga í hlut hverju sinni. Ekki er hins vegar talin þörf á því í þessu máli þar sem skörun á framboði samrunaaðila má aðallega greina í sölu togveiðarfæra hér á landi.

Rannsókn málsins leiddi í ljós að veiðarfæri eru almennt sniðin að þörfum sérhvers viðskiptavinar. Gögn málsins sýna að veiðarfærin eru þannig sniðin eftir því hvaða veiðar eru stundaðar og hvernig viðkomandi skip eru útbúin. Hins vegar verður að líta til þess að framleiðsla á veiðarfærum byggir í aðalatriðum á svo til sömu framleiðsluáttum en þó fer það að einhverju marki eftir því hverskonar veiðarfæri eiga hlut að máli hverju sinni.⁶ Á þetta einkar vel við um framleiðslu á t.d. botntrollum og flottrollum, þ.e. sömu framleiðsluáttir koma að framleiðslu þessara veiðarfæra. Af þeim sökum lítur Samkeppniseftirlitið svo á að *framboðsstaðganga* hafi mikla þýðingu í þessu máli.⁷ Af þessu leiðir að eftirlitið telur að skilgreina skuli vörumarkaðinn þar sem samkeppnisáhrifa gætir í þessu máli sem *sölu og þjónustu tengda togveiðarfærum*. Undir þann markað falla botntroll til botnfiskveiða og flottroll til veiða á uppsjávarfiski.

Landfræðilegur markaður

Hvað landfræðilega skilgreiningu markaðarins varðar þarf að meta það samkeppnisaðhald sem fyrirtæki búa við og meta hvers eðlis bæði framboð og eftirspurn er á þeim markaði sem um ræðir. Eftirspurn eftir þeim vörum sem samrunaaðilar framleiða er einungis frá fyrirtækjum en mörg af umsvifamestu útgerðarfyrirtækjum landsins eru meðal helstu viðskiptavina þeirra. Atvik í þessu máli gefa sterkar vísbendingar um að ætla að markaður þessa máls nái til a.m.k. strandríkja við N-Atlantshaf. Sá markaður sem áhrifa gætir í þessu máli er því *framleiðsla og þjónusta á togveiðarfærum við N-Atlantshaf*. Í þessu máli er þó ekki þörf á því fyrir niðurstöðu málsins að slá því föstu hversu rúmur hinn landfræðilegi markaður er.⁸

⁴ Umfjöllun eftirlitsstofnunar EFTA um þýðingu framboðsstaðgöngu fyrir markaðsskilgreiningar má finna á eftirfarandi hlekk: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:1998:200:0046:0057:EN:PDF>

⁵Eftirlitsstofnun EFTA fjallar jafnframt um þýðingu eftirspurnarstaðgöngu fyrir markaðsskilgreinar, sjá hlekk í tilvísun 4.

⁶ Atvinnugreinin er mannaflsrek og er tiltölulega einfaldur búnaður nýttur við framleiðsluna, almennt er hægt að nýta sömu framleiðsluáttina við framleiðslu á annars vegar flottrollum og hins vegar botntrollum.

⁷ Botntroll eru algeng veiðarfæri við veiðar á Þorski, Ýsu, Ufsa og Karfa

⁸ Samrunaaðilar starfa vissulega á fleiri undirmörkuðum en samþjöppunaráhrif eru einungis á þessum hluta markaðarins.



Önnur atriði sem hafa þýðingu fyrir samkeppni á markaði

Samkeppniseftirlitið óskaði eftir afstöðu veiðarfæraframleiðenda til aðgangshindrana inn á markaðinn.⁹ Samhljómur var um að ekki væru til staðar lagalegar hindranir sem kæmu í veg fyrir að raunhæft væri að hefja starfsemi á þessu sviði. Af öðrum sjónarmiðum hvað aðgangshindranir varðar má ætla að aðgangshindranir að markaðnum séu almennt fremur litlar. Fram kom að til að hefja starfsemi á þessum markaði séu miklar fjárfestingar ekki nauðsynlegar. Framleiðslan sé að verulegu leyti handavinna og dýr framleiðslubúnaður auki vissulega framleiðni en hann geti ekki talist nauðsynlegur til þess að hefja starfsemi. Hins vegar kom einnig fram sjónarmið sem andstæð þeim sem hér hafa verið rakin, þ.e. að mikilla fjárfestinga væri þörf til að hægt væri að gera sig gildandi á markaðnum. Niðurstaðan í máli þessu byggir þó ekki á því hverjar séu nauðsynlegar fjárfestingar til að hasla sér völl á markaðnum en það er þó afstaða eftirlitsins að óverulegra fjárfestinga sé þörf til að geta veitt aðilum á markaði nokkurt samkeppnislegt aðhald.

Ennfremur kom fram í umsögnum aðila að útgerðarfyrirtæki hafi alla jafna mikla þekkingu á því hvers konar veiðarfæri eru skilvirkust við þær veiðar sem stundaðar eru hverju sinni. Þannig er nokkuð um að útgerðarfyrirtæki framleiði og þjónusti veiðarfæri fyrir skip sín sjálf og er ekki hægt að ætla annað en að það veiti veiðarfæraframleiðendum að einhverju marki samkeppnislegt aðhald. Þá er einnig ljóst að í samhengi við umsvif og afkomu stærstu útgerðarfyrirtækjanna megi ætla að fjárfesting í nauðsynlegum tækjabúnaði til veiðarfæraframleiðslu væri ekki verulega íþyngjandi fyrir mörg þeirra. Það er því mat Samkeppniseftirlitsins að í þessu máli sé raunhæfur möguleiki á *lóðréttri samþættingu* á annars vegar útgerð og hins vegar veiðarfæraframleiðslu.¹⁰ Reyndin er sú að fyrir samrunann er slík samþætting að nokkru leyti til staðar hjá samrunaaðilum í þessu máli þar sem víðtæk stjórnunar- og eignatengsl eru á milli Hampiðjunnar og HB Granda.¹¹ Sama má segja með fleiri útgerðarfyrirtæki sem hafa mörg hver starfsemi sem veitir samkeppnislegt aðhald upp að einhverju marki.

Rannsókn eftirlitsins hefur jafnframt leitt í ljós að íslensk útgerðarfyrirtæki hafa flutt inn nokkuð af veiðarfærum, jafnvel alla leið frá Asíu. Samkeppniseftirlitið er þeirrar skoðunar að talsvert samkeppnisaðhald sé hér á landi frá starfsemi erlendra fyrirtækja og hugsanlegri innkomu þeirra á markaðinn. Því til stuðnings má nefna að undanfarinn áratug hafa ný fyrirtæki náð að hasla sér völl í þjónustu við íslensk útgerðarfyrirtæki að því er virðist með ágætum árangri.¹² Það er því afstaða Samkeppniseftirlitsins að hér sé um að ræða markað sem sé *tiltölulega opin og búi við alþjóðlega samkeppni* sem birtist í því að bæði framleiðendur og kaupendur flytja veiðarfæri til og frá landinu.

Áður hefur verið vikið að eigna- og stjórnunartengslum á milli HB Granda og Hampiðjunnar. Það sjónarmið hefur komið fram að HB Grandi kaupi einungis veiðarfæri

⁹ Ítarlega umfjöllun framkvæmdastjórnar ESB um aðgangshindranir og þýðingu þeirra fyrir mat á samkeppnislegum áhrifum samruna má finna á eftirfarandi hlekk: [http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:52004XC0205\(02\)&from=EN](http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:52004XC0205(02)&from=EN)

¹⁰ Lóðrétt samþætting er þegar eitt fyrirtæki starfar á tveimur eða fleiri sölustigum, t.d. þegar framleiðandi vöru á jafnframt smásölufyrirtæki sem selur viðkomandi vöru.

¹¹ HB Grandi er stærsta útgerðarfyrirtæki landsins þegar kemur að aflaheimildum, fyrirtækið stundar veiðar og vinnslu á botn- og uppsjávarfiski og hjá fyrirtækinu eru unnin 950 ársverk.

¹² Fyrirtæki sem hafa komið inn á markaðinn eru t.d. Egersund og Tornet.



frá Hampiðjuni og það skekki samkeppni á markaðnum fyrir sölu veiðarfæra. Samkeppnislög geta að vissum skilyrðum uppfylltum hlutast til um þess konar háttarni. Eitt af skilyrðum þess að unnt sé að hlutast til um háttarni sem þetta er að hlutaðeigandi fyrirtæki séu markaðsráðandi á öðru hvoru sölustiginu. Markaður HB Granda hefur verið skilgreindur sem „*starfsemi útgerða á Íslandi sem felur í sér fiskveiðar á grundvelli veiðiheimilda sem úthlutað er skv. lögum nr. 116/2006 og innbyrðis viðskipti með þær og ráðstöfum á þeim afla þegar honum er landað hér á landi.*“ Í lögum er kveðið á um hámarkshlutdeild sérhvers útgerðarfyrirtækis í aflaheimildum í tilteknum tegundum. Umrædd mörk eru verulega undir þeim mörkum að einstök útgerð geti talist markaðsráðandi á markaðnum.¹³ Jafnframt telst Hampiðjan ekki vera í markaðsráðandi stöðu í kjölfar þessa samruna. Af því leiðir að Samkeppniseftirlitið hefur ekki forsendur til íhlutunar í viðskipti á milli þessa tveggja aðila.

Markaðshlutdeild aðila á markaði

Áður hefur verið vikið að því á hvaða markaði áhrifa þessa samruna gætir. Hefur eftirlitið við rannsókn málsins aflað upplýsinga um umsvif helstu aðila á þessum markaði. Rétt er að taka fram að hér er ekki um tæmandi lista að ræða og ítarlegri rannsókn kynni að leiða í ljós nákvæmari markaðshlutdeild. Taflan hér að neðan sýnir markaðshlutdeild innlendra aðila í sölu og þjónustu á sk. togveiðarfærum á Íslandi.

Aðili	Markaðshlutdeild
Hampiðjan	25-35%
Ísfell	20-30%
Egersund	15-25%
Tornet	10-20%
Aðrir	5-20%

2. Samkeppnisleg áhrif samrunans

Vegna rannsóknar málsins hefur Samkeppniseftirlitið aflað upplýsinga og sjónarmiða frá helstu viðskiptavinum og keppinautum samrunaaðila hér á landi. Þá hefur eftirlitið aflað nægjanlegra upplýsinga um umsvif stærstu aðila á markaði þessa máls. Leiðir rannsóknin í ljós að samþjöppun vegna þessa samruna er undir þeim mörkum sem talið er að hafi samkeppnisleg vandamál í för með sér. Byggir þetta mat m.a. á leiðbeiningum framkvæmdarstjórnar ESB um samkeppnisleg áhrif samruna.¹⁴ Líkt og sjá má á töflunni hér að framan verður hið sameinaða fyrirtæki Hampiðjunnar og Vonar með um þriðjungs hlutdeild í sölu og þjónustu á togveiðarfærum á Íslandi. Á vettvangi framkvæmdastjórnarinnar hefur þess háttar hlutdeild almennt ekki verið talin fela í sér markaðsráðandi stöðu og samþjöppun vegna þessa samruna er óveruleg. Fyrir samrunann var Von með um 5% hlutdeild og eru samþjöppunaráhrif þessara viðskipta því óveruleg. Þá eru fleiri atriði sem hafa þýðingu í þessu máli s.s. mögulegt samkeppnislegt aðhald frá innflutningi, möguleiki á lóðréttri samþættingu viðskiptavina og það að aðgangur að markaðnum er tiltölulega greiður. Með vísan til þeirra sjónarmiða og annarra gagna málsins fær Samkeppniseftirlitið ekki séð að samruninn leiði til þess að

¹³ Lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 má finna á eftirfarandi hlekk: <http://www.althingi.is/lagas/140a/2006116.html>. Jafnframt er ítarlegar upplýsingar um hlutdeild aðila í sjávarútvegi að finna á www.sax.is

¹⁴ Hlekk á umræddar leiðbeiningar má finna í tilvísun 11



samkeppni raskist, sbr. 17. gr. c. Samkeppnislaga, enda leiðir hann ekki til þess að markaðsráðandi staða myndist eða styrkist eða samkeppni raskist með umtalsverðum hætti á neinum af mögulegum undirmörkuðum málsins. Á grundvelli alls framangreinds telur Samkeppniseftirlitið ekki forsendur til að grípa til íhlutunar í formi ógildingar eða setningu skilyrða í tengslum við þennan samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Hampiðjunnar hf. á P/F Von fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson